



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## **Frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun og breytingar á lögum vegna stofnunar hennar. Umsögn.**

Reykjavík 23. apríl 2005

Veiðimálastofnun hefur fengið til umsagnar mál 700 og 701 sem eru frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun og breytingar á lögum vegna stofnunar hennar.

Með frumvarpinu er stjórnýsla í landbúnaði sett í eina stofnun, Landbúnaðarstofnun, sem eru í dag í mörgum embættum og oft litlum og fámenum. Stofnun Landbúnaðarstofnunar er því til þess fallin að styrkja stjórnýsla og bæta hana. Athygli vekur engu að síður að stjórnýsla á sviði landgræðslu og skógræktar er skilin eftir hjá Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Veiðimálastofnun er rannsókn- og ráðgjafastofnun er lítur að lífríki ferskvatns og veiðinytja. Stofnunin á mikil samskipti og erindi við embætti Veiðimálastjóra í dag en einnig embætti dýralæknis fisksjúkdóma, sem heyrir undir embætti yfirdýralæknis. Hin nýja Landbúnaðarstofnun sýslar mest með fóður dýra og matvæli auk þess að sjá um framkvæmd samninga ríkisins við bændur (búvörusamninga). Það veldur áhyggjum að veiðimálin gætu orðið hornreka í hinni nýju stofnun. Koma þarf í veg fyrir að svo geti farið t.d. með því að setja í lög að ein skrifstofa stofnunarinnar fjalli um þau mál. Um mjög mikilvægan málaflokk er að ræða eins og nýleg úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sýnir glögglega. Veiðihlunnindi og atvinnutekjur manna í kringum stangveiði eru viðamikill (velta uppá 10-12 milljarða) og fyllilega á stærð við aðrar meginbúgreinar landbúnaðar og það án nokkurs stuðnings ríkisins. Stór hluti atvinnutekna fólks í dreifbýli í sumum héraðum koma frá stangveiði. Þannig eru meira en 50 % atvinnutekna fólks í

landbúnaði á Vesturlandi frá stangveiði. Vel þarf því að halda á málaflökknum innan stjórnsýslunnar.

Hvað varðar einstakar greinar frumvarpsins vekur athygli kröfur til forstöðumanns Landbúnaðarstofnunar. Ekki verður séð að krafa um framhaldsmenntun í dýralækningum sé nauðsynleg umfram aðra háskólamenntun. Yfirmaður viðkomandi skrifstofu stofnunarinnar þarf hins vegar þá menntun.

Í lax- og silungsveiðilögum er hinn nýju Landbúnaðarstofnun falið embættisverk Veiðimálastjóra en einnig dýralæknis fisksjúkdóma. Í sumum tilfellum á að leita til beggja þeirra embætta um sjálfstætt álit eða sjálfstæða ákvörðun. Með þessum breytingum á lögum verður eingöngu um eina stofnun að ræða. Breyta þarf þá viðkomandi lagagreinum svo að stofnunin gefi ekki sjálfri sér umsögn eða leiti til sjálfrar sín um umsögn ellegar gefi tvisvar út ákvörðun á tvenns konar forsendum um sama erindi. Einnig þarf að skoða í þessu sambandi skipan og hlutverk fisksjúkdómanefndar í laxveiðilögum og víðar (lög um eldi nytjastofna sjávar, lög um rannsóknadeild fisksjúkdóma, lög um eldi innflutning dýra). Í fisksjúkdómanefnd eru nú að mestu embættismenn og verða 2 nefndarmanna af fjórum innan hinnar nýju stofnunar. Heppilegra væri að fisksjúkdómanefnd væri skipað fagfólki með þekkingu á fisksjúkdómum, faraldsfræði og vistfræði fiskstofna og annarra lífvera í vatni og sjó. Nefndina mætti því skipa fólki frá Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum, frá Hafrannsóknastofnun, frá Veiðimálastofnun og frá hinn nýju Landbúnaðarstofnun. Nú stendur yfir heildarendurskoðun laxveiðilaganna og verða þá væntanlega þessi atriði öll einnig skoðuð betur.

Í heild er frumvörpin um Landbúnaðarstofnun til þess fallin að styrkja stjórnsýslu í landbúnaði og þá landbúnaðinn um leið. Vanda þarf einnig vel til verka við framkvæmdina svo að vel takist til.

Veiðimálastofnun er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og ræða þessi mál ef þess er óskað svo og að fjalla nánar um einstaka þætti er lúta að veiðimálum.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, framkvæmdastjóri